



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Útivist 4
<b>Námsgrein:</b>	Útivist
<b>Viðfangsefni:</b>	Vetrarferðamennska
<b>Skammstöfun:</b>	ÚTIV2VF02
<b>Þrep:</b>	2
<b>Einingafjöldi:</b>	2
<b>Lýsing:</b>	Í áfanganum er lögð áhersla á vetrarferðamennsku og hvernig undirbúningi fyrir útivist að vetri er háttað. Nemendur fá að kynna ísklifri og mikilvægum öryggisþáttum er það varðar. Nemendur læra einnig grunnöryggisþætti almennrar vetrarferðamennsku líkt og lestur veðurkorta, snjóflóðavarnir og fleira. Farið er í þrjár ferðir að vetrinum í takt við viðfangsefnið hverju sinni.
<b>Forkröfur:</b>	Ferðamennska og rötun
<b>Þekkingarviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast: <ul style="list-style-type: none"><li>- Þekkingu í sjálfstæðum vinnubrögðum og aukið öryggi í ísklifri</li><li>- Þekkingu á mismunandi ísklifurbúnaði</li><li>- Þekkingu og skilning á veðri og snjóalögum</li><li>- Þekkingu á byggingu snjóhúsa</li></ul>
<b>Leikniviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>- samskiptum í leik og starfi</li><li>- meðhöndlun ísklifurbúnaðar</li><li>- því að tryggja öryggi</li><li>- ísklifri og tækni</li><li>- lestri veðurkorta og snjóalaga</li></ul>
<b>Hæfniviðmið:</b>	Lögð er áhersla á að nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Læri á grunnþætti í vetrarferðamennsku</li><li>- Læri að tryggja öryggi sitt við klifur og meðhöndlun ísklifurbúnaðar</li><li>- Læri að meta aðstæður með tilliti til veðurs og annarra ytri aðstæðna</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.